



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

SURTSEYJARSTOFA LEIGUHÚSNÆÐI

SKILAGREIN

DESEMBER 2010



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	4
1 UPPHAF VERKEFNIS	4
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	4
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	4
4 LEIGUSAMNINGUR	4
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	5
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	5
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	5
8 VERKLOK	5
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	5

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leigu-húsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið Surtseyjarstofa í Vestmannaeyjum var unnið að beiðni Umhverfisstofnunar og barst FSR í júní 2009. Verkefnið fólst í að finna húsnæði fyrir stofnunina í Vestmannaeyjum.

Surtseyjarstofa er gestastofa fyrir friðlandið Surtsey. Þar er að finna fróðleik um friðlandið og heimsminjasvæðið Surtsey, þar er skrifstofa Umhverfisstofnunar í Vestmannaeyjum og Surtseyjarsýning sem byggð er á sýningu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 2007.

Verkefnið fólst í að gera húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, gerð leigusamningsins og hafa eftirlit með framkvæmdum við húsnæðið í samræmi við kröfur í húslýsingu.

Verkefnisstjóri hjá FSR á verkefninu var Jón Ásbjörnsson.



Surtsey. Ljósmynd Loftmyndir.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Ekki var gerð húsrýmisáætlun þar sem þegar var búið að ákveða stærð og gerð húsnæðis sem gert var ráð fyrir að yrði um 280 fermetrar.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Húslýsing fyrir húsnæðið var tilbúin í júní 2009 og í framhaldinu auglýsti Ríkiskaup eftir húsnæði fyrir stofnunina. Leigutilboð voru opnuð í júní 2009 og bárust þrjú tilboð. FSR yfirfór tilboðin og voru þessi þrjú húsnæði af fulltrúum FSR og Umhverfisstofnunar.

Í apríl 2010 var tekið leigutilboði frá Hótel Þórshamri hf. um leigu á hluta af húsnæðinu við Heiðarveg 1 í Vestmannaeyjum.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsfólk Umhverfisstofnunar og Hótel Þórshamars hf.

Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.

Samningurinn er á milli Hótel Þórshamars hf. og Umhverfisstofnunar. Hann var undirritaður í apríl 2010 og staðfestur af umhverfisráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Er samningurinn til 5 ára með möguleika á framleiðu um að minnsta kosti eitt ár. Hinn leigði eignarhluti er alls 294 fermetrar að stærð. Í samningi var gert ráð fyrir afhendingu húsnæðisins 15. júní 2010.

5 TENGILÍÐIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti milli leigusala og leigjanda, á framkvæmdatíma, voru tilnefndir Gísli V. Einarsson fyrir hönd stjórnar Hótel Þórshamars hf. og fyrir hönd leigjanda var tilnefndur Róbert Jónsson, verkefnastjóri hjá FSR.

Haldnir voru tveir verkfundir þar af einn lokaúttektarfundur á framkvæmdatímabilinu. Samskipti fulltrúa leigusala og leigjanda fóru mikið fram í gegnum síma en forstöðumaður Surtseyjarstofu, Lovísa Ásbjörnsdóttir, var á verkstað mestallan verktímann.



Í húsnæðinu að Heiðarvegi 1, Vestmannaeyjum.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Ýmsir hönnuðir komu að verkefninu meðal annars Páll Zophoníasson á teiknistofu PZ, sem hannaði skipulag húsnæðis innanhúss, Sigmar Garðarsson smiður, Þórunn Þorgrímsdóttir, sem hannaði skipulag sýningarinnar sem er hluti af skipulagi húsnæðisins, Páll Ragnarsson, ljósamaður, sem annaðist skipulag rafmagns sem einnig er hluti af skipulagi húsnæðisins og sýningar og fleira.

Eftirlit með framkvæmdum, fyrir hönd leigusala, annaðist Gísli V. Einarsson, og fyrir hönd leigjanda önnuðust eftirlit Lovísa Ásbjörnsdóttir, Surtseyjarstofu og Róbert Jónsson, FSR.



Frá sýningunni. Ljósmynd Ólafur Arnar Jónsson.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Húsnæðið var nánast fókheld þegar verkfræmðir við húsnæðið hófust í apríl 2010.

Helstu verkþættir voru hefðbundnir miðað við fókheld húsnæði og gengu framkvæmdir sæmlega en töf varð á afhendingu húsnæðis um um það bil hálfan mánuð. Orsökina var meðal annars töf vegna áhrifa af gosinu í Eyjafjallajökli.



Frá sýningunni. Ljósmynd Ólafur Arnar Jónsson.

8 VERKLOK

Umhverfisstofnun tók við húsnæðinu í lok júní 2010. Surtseyjarstofa var síðan opnuð formlega 2. júlí 2010.

9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagreina fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri